



STARFSSKÝRSLA SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

MILLI AÐALFUNDA
Í REYKJAVÍK 2021
OG MOSFELLSBÆ 2022



**Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands
haldinn í Hlégarði, Mosfellsbæ
dagana 2. -4. september 2022**

Föstudagur 2. september

09:30 Afhending fundargagna

10:00 Fundarsetning og ávörp

Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands

Björn Traustason, formaður Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri

Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar

10:45 Skýrsla stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Jónatan Garðarsson og Brynjólfur Jónsson

Reikningar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson

Skýrsla Landgræðslusjóðs

Þuríður Yngvadóttir

Fyrirspurnir um skýrslu stjórnar

11:30 Skipað í nefndir. Tillögur lagðar fram og kynntar

11:40 Mosfellsbær kynning - Tómas Guðberg Gíslason

12:05 Saga Skógræktarfélags Mosfellsbæjar – Stjórn Skógræktarfélags Mosfellsbæjar

12:30 Hádegisverður

13:40 Mosfellsheiði – Bjarki Bjarnason

14:00 Ferð dagsins kynnt – Björn Traustason

14:20 Skoðunarferð – Skóglendi Mosfellsbæjar

19:00 Meltúnsreitur – dagskrá og veitingar

21:00 Áætlaður lokatími

Efnisyfirlit

INNGANGUR	1
STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS	1
UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI.....	2
ÚTGÁFUMÁL	3
SKÓGRÆKTARRITID	3
LAUFBLAÐID	3
ÖNNUR ÚTGÁFA.....	3
FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA	3
VEFMIÐLAR	3
FRÆÐSLUSTARF.....	3
FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR	4
AÐALFUNDUR 2021.....	4
FULLTRÚAFUNDUR	5
FAGRÁÐSTEFNA SKÓGRÆKTAR.....	5
SKÓGRÆKTARSVÆÐI.....	5
BRYNJUDALUR	5
ÚLFLJÓTSVATN	5
UMSJÓN	6
KOLVIÐUR	6
LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR	7
LANDGRÆÐSLUSKÓGAR.....	7
LÍF Í LUNDI	7
TRÉ ÁRSINS.....	7
OPINN SKÓGUR.....	7
SJÁLFBODALIÐAR	8
YRKJA - SJÓÐUR ÆSKUNNAR TIL RÆKTUNAR LANDSINS	8
VINASKÓGUR.....	8
ERLEND SAMSKIPTI	8
FRÆÐSLUFERÐIR.....	8
EUROPEAN FOREST NETWORK.....	8
ÝMIS VERKEFNI.....	8
LOFTSLAGSRÁÐ	8
RÓTARSKOT.....	9
SKÓGARFÓLKIÐ	9
LANDSÁÆTLUN Í SKÓGRÆKT	9
MAT Á TRJÁGRÓÐRI.....	9
LANDSVIRKJUN	9
UMSAGNIR	10
ÞAKKIR	10
SAMSTARFSADILAR.....	10
STUÐNINGSAÐILAR	10

Ljósmyndir í skýrslu:

Einar Örn Jónsson, Elisabeth Bernard, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Þórveig Jóhannsdóttir

Reykjavík, ágúst 2022

INNGANGUR

Starfsárið 2021-2022 mótaðist enn nokkuð af Covid-19 og var aðalfundurinn 2021 til dæmis ekki haldinn með hefðbundnu sniði vegna samkomutakmarkana. Félagið reyndi eftir sem áður að sinna verkefnum sínum eins og vel og hægt var. Almenn gekk starfsemin vel miðað við aðstæður, enda komin reynsla á sveigjanleika, útsjónarsemi og raunsæi í starfinu eftir starfsárið 2020-2021. Hér á eftir verður farið yfir það helsta sem félagið hefur sinnt frá síðasta aðalfundi. Að venju eru verkefnin margvísleg.

STJÓRN OG STARFSFÓLK SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

Á aðalfundinum 2021 voru endurkjörin í stjórn Jens B. Baldursson, Skógræktarfélagi Akraness og Þuríður Yngvadóttir, Skógræktarfélagi Mosfellsbæjar. Í varastjórn voru kosin Kristinn H. Þorsteinsson, Valgerður Auðunsdóttir og Björn Traustason. Í stjórn Landgræðslusjóðs var endurkosin Lýdía Rafnsdóttir og sem skoðu-narmenn reikninga voru endurkjörin þeir Árni Þórólfsson og Halldór Halldórsson.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt: Jónatan Garðarsson formaður, Þuríður Yngvadóttir varaformaður, Jens B. Baldursson gjaldkeri, Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari, og Berglind Ásgeirsdóttir, Nanna Sjöfn Pétursdóttir og Páll Ingbór Kristinsson meðstjórnendur. Stjórnin hélt átta fundi á tímabilinu.

Hjá félaginu störfuðu átta fastráðnir starfsmenn á tímabilinu: Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri, Einar Örn Jónsson garðyrkjufræðingur, Elisabeth Bernard mannfræðingur, Hrefna Einarsdóttir skrifstofustjóri, Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur, Narfi Hjartarson skógfræðinemi, Ragnhildur Freysteinsdóttir umhverfis-fræðingur og Þórveig Jóhannsdóttir skógfræðingur.

Ýmsir aðilar komu að margvíslegum stökum verkum, meðal annars Hörður Helgi Hreiðarsson, Konráð Bragason og Karol Krzysik er unnu við jólatrjáahögg og flutning. Karol, ásamt Ewa Ołdakowska, vann einnig að gróðursetningu. Harpa Rós Guðmundsdóttir vann grafíska vinnu fyrir Líf í lundi.

Stjórn og starfsmenn félagsins leitast eftir megni að styðja við starfsemi aðildarfélaganna með fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningum, eftir því sem óskað er.



Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn í júní 2022. Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, ávarpar fulltrúa.

UMSVIF OG LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

	2021	2020
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	51.839.340	58.986.166
Rekstrargjöld	47.940.470	55.700.133
Rekstrarhagnaður (tap) án fjárm.tekna og fjárm.gjalda	3.898.870	3.286.033
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1.231.410)	(1.687.595)
Hagnaður (tap) ársins	2.667.460	1.598.438
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Fastafjármunir	206.329.742	193.302.126
Veltufjármunir	19.191.746	30.266.022
Eignir samtals		
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé	178.013.282	175.345.822
Skuldir samtals	47.608.207	49.322.327
Eigið fé og skuldir samtals	225.621.488	222.668.149
Eignir í bundnum sjóðum	38.547.659	38.532.968



Narfi Hjartarson setur sjálfboðaliða frá Working Abroad inn í málefni Úlfjótsvatns.

ÚTGÁFUMÁL

Skógræktarritið

Á milli aðalfunda hafa komið út tvö hefti Skógræktarritsins. Skógræktarritið 2. tbl. 2021 kom út í nóvember 2021 og 1. tbl. 2022 kom út í maí á þessu ári. Áskrifendur eru nú tæplega 1.800.

Laufblaðið

Á tímabilinu komu út tvö tölublöð Laufblaðsins – í október 2021 og apríl 2022. Rafræn tölublöð eru send öllum félagsmönnum í skógræktarfélagunum sem skráðir eru með netfang.

Önnur útgáfa

Vinna við útgáfu á norsk-íslenskri bók um samskipti þjóðanna frá fyrstu tíð miðar vel og er stefnt að því að allri vinnu við uppsetningu, þýðingu og myndvinnslu verði lokið um áramót. Gert er ráð fyrir því að bókin verði prentuð í Noregi og verður útgáfa hennar kynnt með pomp og prakt í maí 2023. Bókin er vegleg, efnismikil og verður á báðum tungumálunum, íslensku og norsku og er um 330 síður. Höfundur bókarinnar er Óskar Guðmundsson, rithöfundur en norska þýðingu hefur Per Roald Landrø gert af mikilli þrýði.



Félagsskírteini skógræktarfélaganna

Í kjölfar umræðu á aðalfundi 2021 var ákveðið að taka upp rafræn félagsskírteini, í ljósi hækkunar bæði prent- og póstkostnaðar tengdum hefðbundnum pappírsskírteinum. Ákveðið var að nýta kerfi Smart Solutions, sem eru sömu aðilar og rafræn ökuskírteini styðjast við. Fór tölvupóstur með tengli til að nálgast rafrænt skírteini á alla félagsmenn sem skráðir voru með netfang í febrúar/mars. Einnig var ákveðið að til að byrja með yrðu prentuð skírteini fyrir félagsmenn sem óskuðu sérstaklega eftir því, á meðan fólk væri að venjast nýja fyrirkomulaginu. Að þessu sinni veittu fjórtán fyrirtæki félagsmönnum tilboð gegn framvísun skírteinisins. Fyrirtækin eru: 66°N, Blómahornið, Blómaval, Flóra garðyrkjustöð, Garðheimar, Gróðrarstöðin Mörk, Gróðrarstöðin Réttarhóll, Gróðrarstöðin Þöll, Húsasmiðjan, MHG Verslun, Nátthagi garðplöntustöð, Ræktunarstöðin Lágafelli, Sólskógar og Vorverk. Eru þeim fyrirtækjum færðar þakkir fyrir velviljann.

Vefmiðlar

Heimasíða félagsins er www.skog.is, þar sem finna má upplýsingar um félagið og aðildarfélög þess, auk þess sem birtar eru fréttir úr starfinu og skógræktargeiranum. Fjöldi einstaklinga á almennum póstlista félagsins er um 4.300.

Félagið er með Facebook, síðu, auk Facebook síðna fyrir Skógræktarritið og Líf í lundi. Félagið er einnig með YouTube rás (undir heitinu skograektarfelag), er á Instagram og er með LinkedIn síðu undir enska heiti félagsins (Icelandic Forestry Association). Einnig heldur félagið utan um vefsíðuna Skógargátt (www.skogargatt.is), þar sem finna má upplýsingar um góða útivistarskóga um land allt.

FRÆÐSLUSTARF

Félagið sinnti ýmsu fræðslu- og leiðbeiningastarfi fyrir almenning. Mikið er leitað til félagsins um upplýsingar í síma, með tölvupóstum og fyrirspurnum í gegnum vefmiðla. Starfsfólks félagsins er einnig í reglulegum samskiptum við mörg aðildarfélaga sinna.

Félagið bauð skógræktarfélagum upp á kennslu á Avenza-smáforritið fyrir snjallsíma, en það má m.a. nota til að skrá útlínur nýgróðursetninga. Alls hafa verið haldin námskeið hjá átta skógræktarfélagum og þrjú

eru fyrirhuguð í ágúst. Að auki voru útbúin kort fyrir forritið fyrir nokkur félög í viðbót, þar sem félagar voru tilbúnir að spreyta sig sjálfir á forritinu.

FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

Aðalfundur 2021

Annað árið í röð þurfti að halda aðalfund Skógræktarfélags Íslands með óhefðbundnu sniði vegna Covid-19 faraldursins. 86. aðalfundur félagsins var því haldinn í fundarsal Arion-banka í Reykjavík laugardaginn 2. október og voru eingöngu kjörnir fulltrúar skógræktarfélaganna boðaðir til að afgreiða nauðsynleg verkefni aðalfundar, þar helst kjör stjórnar. Nánar má lesa um fundinn í seinna tölublaði Skógræktarritsins 2021 og á heimasíðunni (<https://www.skog.is/adalfundur-2021/>).

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti aðalfundurinn breytingu á lögum félagsins og tvær ályktanir.

Samþykkt breyting á lögum félagsins fólst í því að við lögin bætist ein grein, 13. grein, er hljóðar svo: *13. grein. Komi fram tillaga þess efnis að slíta félaginu þarf að leggja hana fram á aðalfundi og skal tillagan fylgja fundarboði. Áður skal ræða tillöguna á félagsfundi sem ekki skal haldinn skemur en tveimur mánuðum fyrir aðalfundinn. Félaginu verður ekki slitið nema með samþykki $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða á aðalfundinum. Stjórn skipar 3ja manna skilanefnd úr sínum hópi sem ráðstafar eignum félagsins til aðildarféлага Skógræktarfélags Íslands samkvæmt ákvörðun skilanefndar og gögnum til Þjóðskjalasafns.*

Ályktunum hefur verið fylgt eftir sem hér segir:

Ályktun 1: Bótamat á skógi

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík 2. október 2021, leggur til að Skógræktarfélag Íslands vinni leiðbeinandi rit um verðmat á skógi sem skógræktarfélög í landinu og aðrir geti stutt sig við í verðmati á ræktun sinni.



Jólasveinar á ferð í skógi félagsins að Brynjudal í Hvalfirði, en þangað koma árlega hópar að sækja sér jólatré.

Unnið var að gagnasöfnun m.a. ýmis fyrirbyggjandi gögn. Stefnt er að því að kalla saman samráðshóp á haustdögum, til að vinna að gerð leiðbeiningabæklings sem skógræktarfélög geta haft til hliðsjónar við mat á trjágróðri og skógum. Engu að síður er ljóst að ef til málaferla kemur við slík tilvik er ávallt nauðsynlegt að kalla til dómbæra matsmenn.

Ályktun 2: Landsáætlun í skógrækt

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn í Reykjavík 2. október 2021, fagnar tilkomu landsáætlunar í skógrækt og lýsir yfir ánægju sinni með álit meirihluta sem teygt hefur sig æði langt til að ganga til móts við álit minnihluta.

Ályktunin var send til forsætisráðuneytis, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneytis og til allra þingmanna.

Fulltrúafundur

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna var haldinn þann 11. júní í Guðmundarlundi í Kópavogi og var yfirskrift fundarins *Bætt aðgengi að útivistarskógum skógræktarféлага*. Til fundar mættu fulltrúar frá fjórtán félögum.

Fagráðstefna skógræktar

Skógræktarfélag Íslands hefur verið formlegur þátttakandi í Fagráðstefnu skógræktar. Ráðstefnan 2022 fór fram á Hótel Geysi í Haukadal dagana 29. – 30. mars undir yfirskriftinni *Skógrækt 2030 – Græn ábyrg framtíð*.



Félagar í Skógræktarfélagi Eyrarbakka voru meðal þeirra sem fengu kennslu í notkun Avenza smáforritsins, sem nýtist til skrásetningar gróðursetningarreita. Þórveig Jóhannsdóttir hefur séð um þau námskeið.

SKÓGRÆKTARSVÆÐI

Brynjudalur

Jólavertíð var með hefðbundnu sniði. Alls seldi félagið 1.270 jólatré úr Brynjudal (sem er með mesta móti) þar af 191 til starfsmanna fyrirtækja sem koma í jólaskógin til að fella eigin jólatré. Að auki seldi félagið tæplega 547 jólatré sem felld voru annars staðar. Almennu viðhaldi á skóginum, líkt og hreinsun frá vegum og slóðum og létttri grisjun, er sinnt meðfram jólatrjáahögginu.

Úlfjótssvatn

Í stjórn Úlfjótssvatns sf. eru Magnús Gunnarsson og Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands, Ögmundur Jónasson frá Skátasambandi Reykjavíkur og Kristinn Ólafsson frá Bandalagi íslenskra skáta. Magnús er formaður, Ögmundur varaformaður, Brynjólfur gjaldkeri og Kristinn ritari. Brynjólfur hefur prókúru fyrir félagið. Tilgangur félagsins er að halda utan um rekstur jarðarinnar að Úlfjótssvatni og standa vörð um hagsmuni eigenda vegna eignaréttar og takmarkana á réttindum landeigenda. Tekjur Úlfjótssvatns sf. eru af veiðirétti Úlfjótssvatns við fyrirtækið Veiðikortið ehf. en auk þess leigusamkomulag við fyrirtækið Mílu og Vodafone vegna afnota af landi undir fjarskiptamastur á Úlfjótssvatnsfjalli. Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á árinu. Megin verkefni á árinu hefur verið undirbúningur að skipulagi og leyfisveitingu fyrir 40 ha sumarhúsasvæð á jörðinni. Gert er ráð fyrir að þar rísi um 40-45 bústaðir og verður um leiguland að ræða. Samið hefur verið við Landmótun um deiliskipulag svæðisins og er gert ráð fyrir að því verði lokið í desember á þessu ári. Gert er ráð fyrir að svæðið verði auglýst til leigu á næsta ári og uppbygging hefjist í kjölfarið. Tilgangurinn er m.a. að styrkja fjárhags – og rekstarstöðu skátahreyfingarinnar og Skógræktarfélags Íslands. Heildartekjur félagsins á síðast liðnu ári voru 1,2 milljónir kr. Rekstrargjöld voru 479.844 þúsund krónur. Handbært fé í sjóði samtals 6,7 milljónir króna.



Undirritaður var nýr landgræðsluskógasamningur við Skógræktarfélagið Ungvið, en þeirra svæði er í Brynjudal í Hvalfirði.

Skógræktarfélag Íslands og Sjóklæðagerðin/66°Norður hafa gert samstarfssamning til fimm ára, er lýtur að ræktun yndisskógar á Úlfjótssvatni. Starfsfólk 66°Norður hefur tekið þátt í gróðursetningu og viðburðum tengdum uppgræðslustarfinu.

Árið 2021 var hafin gróðursetning í nýtt svæði vestan við Háafell. Skógræktarsvæðið er 171 ha og er frá um 100 m.y.s upp í 230 m.y.s. Á svæðinu er gert ráð fyrir að gróðursetja um 400 þúsund trjáplöntur af ýmsum tegundum. Árið 2021 voru gróðursettar þar rúmlega 91 þúsund plöntur, en í ár er áætluð gróðursetning rúmlega 80 þúsund plöntur.

Unnið var að viðhaldi á öllum vesturhluta Úlfjótssvatnsgirðingarinnar bæði 2021 og 2022. Má segja að sumarið 2022 sé fyrsta árið þar sem tekist hefur að halda jörðinni alveg fjárlausri. Haldið var áfram með vegavinnum sumarið 2021; mól borin í tæplega 400 metra kafla á norðursvæðinu og sáð í 1,1 km langan slóða er tættur var 2020.

Unnið hefur verið að útvegum rekstrarleyfis fyrir gististað í Úlfjótssvatnsbænum. Hefur það kallað á endurbætur á aðstöðu í húsinu, sem farið hafa fram í vetur og sumar.

UMSJÓN

Kolviður

Aukning hefur orðið í áhuga bæði fyrirtækja og einstaklinga á kolefnisbindingu hjá Kolviði, sem merkja má á miklum fjölda fyrirspurna í tölvupósti og síma.

Gróðursettar voru 281.000 plöntur árið 2021 og voru þær settar niður á Úlfjótssvatni, Geitasandi, Ærvíkurhöfða við Húsavík, Skálholti og Reykholti í Borgarfirði. Til stendur, að loknum haustgróðursetningum í ár, að 331.600 plöntur hafi farið niður á sömu löndum.

Fulltrúar Kolviðar tóku þátt í vinnustofu á vegum Loftslagsráðs og Staðlaráðs um ábyrga kolefnisjöfnun og lauk henni með vinnustofusamþykkt. Búið er að stofna tækninefnd undir leiðsögn Staðlaráðs er vinnur áfram að þessu verkefni og hefur fulltrúi Kolviðar setið í tækninefndinni. Niðurstöðu hennar er að vænta í haust.

Kolviður leitar stöðugt eftir samningum um ný lönd og þjónustusamningum við skógræktarfélög sem eru tilbúin að taka að sér verkefni samkvæmt verksamningi.

Landgræðslusjóður

Í stjórn Landgræðslusjóðs sitja Þuríður Yngvadóttir, sem er formaður, en auk hennar eru fulltrúar Skógræktarfélags Íslands Jónatan Garðarsson og Lydía Rafnsdóttir. Einnig sitja í stjórn sjóðsins Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Nánari upplýsingar um sjóðinn má finna í starfsskýrslu og reikningum hans.

Landgræðsluskógar

Plöntur í Landgræðsluskóga 2021 voru framleiddar af Sólskógum ehf. og Garðyrkjustöðinni Kvistabæ. Fyrirtækið Soffía frænka sá um útkeyrslu á landgræðsluskógaplöntum líkt og áður, sem hefur gefist afar vel. Úthlutað var rúmlega 361 þúsund plöntum 2021.

Undirritaður var nýr landgræðsluskógasamningur við Skógræktarfélagið Ungvið.

Líf í lundi

Útivistar- og fjölskyldudagurinn Líf í lundi var haldinn í fimmta sinn Jónsmessuhelgina og voru alls haldnir ellefu fjölbreyttir viðburðir víða um land. Samhliða hefðbundnu viðburðahaldi var efnt til ljósmyndasamkeppni. Kosið var á Facebook og hlutu efstu þrjú sætin verðlaun í formi klappa frá Vorverk og trjáa frá Gróðrastöðinni Þöll. Sigurvegari keppinnar í ár var Sigríður Jódís Gunnarsdóttir sem tók fallega mynd af barni að þríla í tré á viðburði Skógræktarfélag Eyfirðinga í Hánefsstaðareit.

Tré ársins

Tré ársins 2022 verður útnefnt þann 12. september næst komandi og er á Kirkjubæjarklaustri. Nánar verður sagt frá því í næstu starfsskýrslu. Lambhagi gróðrastöð styrkir útnefninguna.

Opinn skógur

Helstu styrktaraðilar Opins skógar er verslunardeðjan Samkaup, en einnig hefur verkefnið fengið styrki frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og Pokasjóði. Fyrst og fremst hefur verið unnið að viðhaldi svæða og endurnýjun upplýsingaskilta og merkinga enda er kominn töluverð þörf á viðhaldi eftir 17 ára úthald. Unnið var að grisjun, kjarrsögun og uppkvistun í Brynjudalsskógi. Haldið var áfram að vinna að gerð aðstöðuhúss í Opnum skógi í Sólbrennum á Suðurnesjum. Fyrirhugað er að reisa rúmlega 100 fermetra skýli með salernisaðstöðu og öll efnisnotkun úr íslensku timbri. Samið var um öflun á efni í bygginguna við Skógræktarfélag Reykjavíkur og Skógræktarfélag Árnesinga en bæði félögin eiga vöxtulega skóga og einnig



Gróðursetning Kerhólsskóla og fulltrúa frá umboðsmanni barna í Vinaskógi í uppsiglingu.

tækjabúnað til að vinna timbur. Gert er ráð fyrir að smíði hússins hefjist á næsta ári og verði lokið næsta haust. Umsjón með verkstjórn og samskiptum við verktaka og arkitekta er Gísli Eiríksson verkfræðingur. Verkefnið er styrkt af Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Unnið hefur verið að undirbúningi Opins skógar að Gjögri á Sólheimasandi, sem fyrirhugað er að opna sumarið 2024.

Sjálfbóðaliðar

Skógræktarfélag Íslands hefur undanfarin ár fengið sjálfbóðaliða sem komið hafa á vegum Erasmus+ verkefnis Evrópusambandsins, European Solitary Corps (áður European Voluntary Service). Félagið tók í sumar í sjöunda sinn á móti fimm erlendum sjálfbóðaliðum, sem unnið hafa í skógum félagsins og aðildarfélaga þess. Komu sjálfbóðaliðarnir í ár frá Ítalíu, Póllandi og Spáni. Að auki hefur félagið notið liðstyrks fleiri sjálfbóðaliða, aðallega frá samtökunum Working Abroad en á þeirra vegum komu fjórir hópar sjálfbóðaliða á Úlfjótssvatn og dvaldi hver þeirra þar í tvær vikur.

Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins

Tæplega 80 skólar sóttum um plöntur til sjóðsins árið 2022. Eru það heldur færri skólar en verið hafa og munar þar mest um að engin umsókn kom vegna skóla sem verið hafa í samstarfi við Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs með gróðursetningu, en það hafa verið 20-25 skólar. Fengu allir skólar sem um sóttu úthlutun, en ekki reyndist unnt að útvega plöntur fyrir úthlutun að vori, nema fyrir einstaka skóla sem fá færri og stærri plöntur og verður því úthlutun að mestu í haust.

Vinaskógur

Fulltrúar frá umboðsmanni barna og skólabörn í Kerhólsskóla gróðursettu birkiplöntur í Vinaskógi þann 2. júní, til að vega upp á móti losun vegna ferða til barnaþings.

Einnig gróðursettu sjálfbóðaliðar á vegum Skógræktarfélags Íslands 179 tré í Vinaskógi til minningar um þá sem látist hafa úr Covid-19 sjúkdómnum. Gróðursetningin var að undirlagi alþjóðlegu samtakanna Healing Trees en markmið þeirra er að gróðursetja yfir milljón trjáplöntur um allan heim í minningu þeirra sem létust í heimsfaraldrinum.

ERLEND SAMSKIPTI

Skógræktarfélag Íslands fær reglulega fyrirspurnir um félagið erlendis frá og hafa starfsmenn svarað þeim eftir bestu getu.

Fræðsluferðir

Skógræktarfélag Íslands hefur um áraraðir skipulagt árlega fræðsluferð á erlenda grundu. Ferðin hefur fallið niður undanfarin tvö ár vegna Covid-19, en fyrirhugað er að halda til Marokkó í október 2022.

European Forest Network

European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarfélaga í Evrópu. Fyrirhugað var að halda fund samtakanna á Íslandi í september 2020, í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands og í tilefni 90 ára afmælis félagsins en vegna ferðatakmarkana í tengslum við Covid-19 varð að fresta fundinum. Er hann nú fyrirhugaður í september 2022 og hafa þegar á annan tug fulltrúa skógræktarfélaga í Evrópu það boð á fundinn.

ÝMIS VERKEFNI

Skógræktarfélag Íslands sinnir ýmsum smærri og/eða tilfallandi verkefnum. Hér fylgir yfirlit yfir þau helstu.

Loftslagsráð

Loftslagsráð hefur það meginhlutverk að veita stjórnvöldum aðhald með markvissri ráðgjöf um stefnu-markandi ákvarðanir sem tengjast loftslagsmálum á Íslandi. Ragnhildur Freysteinsdóttir hefur verið annar tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í ráðinu.



Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, leiðir fræðslugöngu um Brynjudalsskóg.

Rótarskot

Fyrir áramótin voru Rótarskot – gróðursetning eins trés – til sölu hjá björgunarsveitum um land allt. Alls seldust tæplega 6.300 Rótarskot og fyrirhugað er að gróðursetja þær trjáplöntur núna í haust á tveimur svæðum.

Skógarfólkið

Skógarfólkið verkefnið lýtur að því að aðstoða skógræktarfélögin til að virkja félagsmenn sína. Hefur það m.a. verið gert með fjárstuðningi til viðburða, skipulagningu funda til að styrkja samtal og samstarf félaga á svæðisgrunni og samstarfi við margvíslega aðila, innan menningar-, félags- og náttúrugeira.

Verkefnið hlaut styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu 2022. Á vegum þess hefur fulltrúi félagsins heimsótt skógræktarfélög og fyrirhuguð er heimsókn til skógræktarfélaga á Austurlandi. Samstarfsyfirlýsing var einnig undirrituð milli Skógræktarfélags Íslands, Kötlu Jarðvangs og skógræktarfélaga á Suðurlandi.

Landsáætlun í skógrækt

Helsta markmiðið með landsáætlun í skógrækt er að taka stefnu og fyrirætlun Íslendinga í skógrækt saman á einn stað. Jón Ásgeir Jónsson var skipaður af ráðherra með erindisbréfi í verkefnisstjórn 2019. Tillögu að landsáætlun í skógrækt var skilað til ráðherra 28. janúar 2022.

Mat á trjágróðri

Trjágróður var metinn á Bíldudal í nóvember 2021 vegna fyrirhugaðra snjóflóðamannvirkjagerðar í samstarfi við Ofanflóðasjóð og Skógræktarfélag Bíldudals. Úttektarmenn voru Jón Ásgeir Jónsson skógfræðingur og Magnús Bjarklind garðyrkjutæknir hjá Bjarklind&Kemp ehf.

Landsvirkjun

Gerður var samningur við Landsvirkjun um umsjón á landgræðsluskógaverkefni Landsvirkjunar við Búrfell og Bjarnarlón.

Umsagnir

Stjórn félagsins sendi frá sér jákvæða umsögn um reglugerð um „Frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi“ í október á liðnu ári.

Einnig voru athugasemdir sendar inn til Grímsness- og Grafningshrepps vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Grímsness- og Grafningshrepps. Nokkur bréfasamskipti urðu í kjölfarið og fékk félagið Gísla Tryggvason lögmann til að sinna þeim samskiptum. Niðurstaðan var sú að sveitarfélagið dró til baka kröfur og tilskilið ákvæði um að skógrækt mætti ekki stunda í 30 m fjarlægð frá ám og vatnsbökkum.

ÞAKKIR

Samstarfsaðilar

Skógræktarfélag Íslands á gott samstarf við ýmsar stofnanir og samtök, bæði hérlandis og erlendis, sem er félaginu mikils virði. Má þar sérstaklega nefna Skógræktina, Landgræðsluna, Landssamtök skógareigenda, skátahreyfinguna, Landsbjörg, Landvernd og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

Stuðningsaðilar

Fjölmörg fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt starfsemi Skógræktarfélags Íslands lið á starfsárinu með ýmsum hætti. Ber þar sérstaklega að nefna 66°Norður, Arion banka, Eimskip, Lambhaga, Samkaup og Toyota á Íslandi.

Þessi stuðningur er félaginu ómetanlegur og auðveldar því að sinna meginhlutverki sínu, sem er að styðja hið mikilvæga starf skógræktarfélaganna og efla skilning á skógrækt í landinu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum velunnurum félagsins ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins og starfsmönnum fyrir gott samstarf og vel unnin störf á tímabilinu.

Reykjavík, ágúst 2022

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands,

Jónatan Garðarsson formaður

Skógræktarfélag Íslands

kt. 600269-3809

Ársreikningur 2021



Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eigið fé og skuldir	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar 1-5	9
Skýringar 6	10
Skýringar 7-9	12
Skýringar 9-11	13
Skýringar 12-13	14
Bundnir sjóðir	15
Skýringar 14-16	16
Skýringar 16-18	17

Skógræktarfélag Íslands

Þórunnartúni 6

105 Reykjavík

Til stjórnar Skógræktarfélags Íslands.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings Skógræktarfélags Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, aðrar skýringar og sundurliðanir. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Umfang aðstoðar

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreikninginn er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Við faglega aðstoð okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Garðabæ, 14. febrúar 2022



Löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok rekstrarárs, rekstrarangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir rekstrarárið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. febrúar 2022

Framkvæmdastjóri:



Stjórn:



Áritun skoðunarmanna

Undirritaðir, félagskjörnir skoðunarmenn Skógræktarfélags Íslands höfum yfirfarið bækur félagsins og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 14. febrúar 2022

Skoðunarmenn:

Arni Jónsson
Halla Hallgríms

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Styrkir og aðrar tekjur	4,11	30.218.137	30.085.807
70% framlag frá bundnum sjóðum	5	3.702.328	2.204.982
Sérgreind verkefni	6	9.112.724	17.289.627
Styrkur frá Ríkissjóði		7.060.000	7.500.000
Árgjöld		1.746.150	1.905.750
		<u>51.839.340</u>	<u>58.986.166</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	7	34.092.428	42.368.348
Annar rekstrarkostnaður	8	9.692.675	10.889.742
Afskriftir	2,9	4.155.367	2.442.043
		<u>47.940.470</u>	<u>55.700.133</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnskostnaðar		<u>3.898.870</u>	<u>3.286.033</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		39.758	61.939
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(1.269.661)	(1.746.017)
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(1.507)	(3.517)
		<u>(1.231.410)</u>	<u>(1.687.595)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	10	<u>2.667.460</u>	<u>1.598.438</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
Fastafjármunir	9		
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir		187.942.114	186.142.356
Bifreið		11.222.487	1.184.223
Áhöld og tæki		7.165.141	6.975.547
Fastafjármunir alls		<u>206.329.742</u>	<u>194.302.126</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum		100.000	100.000
Áhættufjármunir alls		<u>100.000</u>	<u>100.000</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur		14.445.450	23.054.848
Útistandandi hjá bundnum sjóðum	5	3.702.328	4.496.615
Handbært fé	3	1.043.968	2.714.559
Veltufjármunir alls		<u>19.191.746</u>	<u>30.266.022</u>
Eignir samtals		<u>225.621.488</u>	<u>224.668.149</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2021

	Skýr	2021	2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	10	178.013.282	175.345.822
Eigið fé		<u>178.013.282</u>	<u>175.345.822</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	12	26.748.560	29.531.797
		<u>26.748.560</u>	<u>29.531.797</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		1.511.264	0
Viðskiptaskuldir		3.509.952	4.235.980
Fyrirfram innheimtar tekjur	6	2.821.050	3.044.250
Næsta árs afborgun langtímalána		1.783.237	1.273.044
Aðrar skammtímaskuldir		11.234.144	11.237.256
		<u>20.859.647</u>	<u>19.790.530</u>
Skuldir samtals		<u>47.608.207</u>	<u>49.322.327</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>225.621.488</u>	<u>224.668.149</u>

Sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		2.667.460	1.598.438
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskrifaðar og niðurlagðar eignir	2,9	4.155.367	2.442.043
Söluhagnaður fastafjármuna		(217.190)	0
Hreint veltufé frá rekstri		<u>6.605.637</u>	<u>4.040.481</u>
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		9.403.685	(5.015.870)
Birgðir			
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(2.225.384)	5.023.253
		<u>7.178.300</u>	<u>7.383</u>
Handbært fé til rekstrar		<u>13.783.938</u>	<u>4.047.864</u>
 Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(16.681.549)	(2.962.464)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		715.752	
		<u>(15.965.795)</u>	<u>(2.962.464)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun langtímalána	12	(1.000.000)	(4.000.000)
Skammtímafjármögnun		1.511.264	0
		<u>511.265</u>	<u>(4.000.000)</u>
 Breyting á handbæru fé		(1.670.592)	(2.914.600)
Handbært fé í byrjun tímabils	3	2.714.559	5.629.159
 Handbært fé í árslok		<u>1.043.968</u>	<u>2.714.559</u>

Skýringar

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samanburðarfjárhæðir

Breytingar voru gerðar á framsetningu ársreiknings á árinu 2021 samanborið við árið á undan í samræmi við 13. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Breytt framsetning hefur áhrif á flokkun í skýringu nr. 4. tekjur. Liðurinn framlag vegna Kolefnissjóðs var fluttur í skýringu nr. 6. sérgreind verkefni og sýndur sérstaklega undir liðnum Kolviður.

Þær breytingar sem áttu sér stað og hafa áhrif á rekstrarreikning í ársbyrjun eru eftirfarandi:

Styrkir og aðrar tekjur (lækkun)	(8.720.000)
Sérgreind verkefni (hækkun)	8.720.000
Áhrif á eigið fé 1.1.	0

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

4. Tekjur

Styrkir og aðrar tekjur greinast þannig:	2021	2020
Gjafir og styrkir	1.692.341	1.712.629
Framlag frá Yrkjúsjóð vegna umsjónar	1.200.000	1.200.000
Framlag vegna Landgræðsluskóga	1.000.000	1.000.000
Umsjón Þórunnartún 6, húsfélag	120.000	120.000
Framlag vegna sjóðausmjónar S-Hún.	1.000.000	500.000
Vinnuhópur SÍ	0	350.000
Aðstöðuleiga	235.000	100.000
Framlög til skógræktar	5.684.161	3.074.844
Embla II	(25.803)	157.000
Skipulagsvinna	341.572	7.241.178
Söluhagnaður fastafjármuna	217.190	0
	11.464.461	15.455.651

5. Framlag frá bundnum sjóðum greinist þannig:

Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsonar	1.514.938	902.246
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	741.147	441.402
Sjóður Ármanns G. Jónssonar	577.268	343.801
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	868.975	517.532
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	3.702.328	2.204.982
Ógreitt framlag 1.1.	4.496.615	2.291.633
Greiðsla frá bundnum sjóðum	(4.496.615)	0
Ógreitt framlag frá bundnum sjóðum 31.12.	3.702.329	4.496.615
Fræðslusjóður	188.428	112.221
70% raunávöxtun. Til ráðstöfunar til eflingar skógræktar á Íslandi	3.702.328	2.204.982
70% raunávöxtun til styrktar náms- og rannsóknarstarfi	188.428	112.221
30% raunávöxtun. Til hækkunar á bundnum sjóðum	1.667.467	993.087
Breyting verðbóta á árinu hækkun	283.469	119.170
Nafnávöxtun bundinna sjóða á árinu	5.841.692	3.429.461

Skýringar frh:

6. Sérgreind verkefni

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig.:

2021

2020

Útgáfustarfsemi:

Ársrit, bækur og smárit	10.970.022	10.844.022
Styrktarlínur	2.246.000	1.855.650
Auglýsingar	8.459.000	5.795.000
Launakostnaður	(3.571.621)	(4.000.000)
Noregsfarar	(1.503.317)	(789.500)
Annar kostnaður við útgáfu	(9.411.993)	(7.240.307)
	<u>7.188.091</u>	<u>6.464.865</u>

Tré ársins:

Styrkir	400.000	400.000
Annar kostnaður	(118.290)	(85.515)
	<u>281.710</u>	<u>314.485</u>

Úlfljótsvatn:

Tekjur og styrkir	9.671.240	8.730.073
Launakostnaður	(3.888.248)	(1.500.000)
Húsnæðiskostnaður	(6.244.849)	(5.572.580)
Annar rekstrarkostnaður	(5.156.655)	(2.419.812)
	<u>(5.618.512)</u>	<u>(762.319)</u>

Opinn skógur:

Styrkir	14.433.477	10.303.757
Launakostnaður	(1.113.954)	(2.500.586)
Keyptar vörur og þjónusta	(3.757.316)	(4.444.072)
Annar rekstrarkostnaður	(150.000)	(438.826)
Byggingaverktakar	(9.144.000)	0
	<u>268.207</u>	<u>2.920.273</u>

Brynjudalur:

Sala	6.898.563	8.070.145
Styrkir	2.711.950	2.323.500
Launakostnaður	(4.492.342)	(4.092.883)
Annar rekstrarkostnaður	(2.665.278)	(2.736.344)
	<u>2.452.893</u>	<u>3.564.418</u>

Vinaskógur:

Launakostnaður	(332.783)	(100.000)
Annar rekstrarkostnaður	(63.315)	(58.250)
	<u>(396.098)</u>	<u>(158.250)</u>

Sjálfboðaliðar:

Styrkir og aðrar tekjur	16.327.186	8.453.047
Plöntukaup	(3.000.000)	0
Launakostnaður	(1.228.531)	(4.545.000)
Fæði og gisting	(2.647.156)	(2.860.420)
Bifreiðakostnaður	(1.275.858)	(1.314.645)
Annar rekstrarkostnaður	(654.538)	(445.317)
	<u>7.521.103</u>	<u>(712.335)</u>

Skýringar frh:

6. Sérgreind verkefni - frh.

Sundurliðun vegna verkefna greinist þannig:

2021

2020

Rótarskot:

Tekjufært frá fyrra ári	3.044.250	3.375.000
Rótarskot, styrkveiting ársins	2.821.050	3.044.250
Launakostnaður	(2.604.621)	(5.500.000)
Bifreiðakostnaður	(150.000)	(550.000)
Plöntu, áburðarkaup og annar kostnaður	(782.259)	(386.510)
Fyrirfram innheimtar tekjur vegna Rótarskots 31.12.	(2.821.050)	(3.044.250)
	<u>(492.630)</u>	<u>(3.061.510)</u>

Alcoa:

Plöntukaup	(954.620)	0
	<u>(954.620)</u>	<u>0</u>

Kolviður

Styrkir og aðrar tekjur	13.048.735	8.720.000
Launakostnaður	(13.220.155)	0
Bifreiðakostnaður	(900.000)	0
Annar rekstrarkostnaður	(66.000)	0
	<u>(1.137.420)</u>	<u>8.720.000</u>

Sérgreind verkefni samtals	<u>9.112.724</u>	<u>17.289.627</u>
----------------------------------	------------------	-------------------

Skýringar frh:

7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	55.974.513	53.546.538
Ökutækjastyrkur	379.480	1.267.750
Lífeyrissjóðsframlag	7.564.296	7.330.961
Tryggingagjald	3.924.622	4.056.649
Áunnið orlof starfsmanna, breyting	407.348	592.567
Önnur launatengd gjöld	1.364.462	1.273.883
Laun færð á sérgreind verkefni	(35.522.293)	(25.700.000)
	<u>34.092.428</u>	<u>42.368.348</u>

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Húsnæðiskostnaður	1.842.473	2.044.347
Skrifstofukostnaður	69.106	106.393
Sími og burðargjöld	435.127	591.024
Bankakostnaður- og þjónustugjöld	120.605	98.697
Gjafir, styrkir og risna	1.115.422	1.301.825
Kaffistofa og starfsmannatengdur kostnaður	472.290	121.006
Fundakostnaður	434.667	760.903
Ferðakostnaður	0	88.096
Gjaldfærð áhöld, tæki og viðhald	506.062	991.484
Rekstur bifreiða	1.192.784	32.281
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	719.420	585.900
Skipulagsvinna	572.626	1.949.854
Rekstur tölvukerfis og vefsíða	1.094.801	946.601
Auglýsingar	105.539	113.603
Niðurfærsla viðskiptakrafna	776.646	578.892
Félags og aðildargjöld	10.800	9.800
Opið hús	0	304.542
Annar kostnaður	224.307	264.494
	<u>9.692.675</u>	<u>10.889.742</u>

9. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Bifreið	Áhöld og tæki	Samtals
Flutt frá fyrra ári	198.361.943	1.466.358	21.953.531	221.781.832
Viðbót á árinu	2.936.716	11.364.544	2.380.289	16.681.549
Selt á árinu	0	(1.466.358)	0	(1.466.358)
	<u>201.298.659</u>	<u>11.364.544</u>	<u>24.333.820</u>	<u>236.997.023</u>
Afskrifað frá fyrra ári	12.219.587	967.796	14.292.327	27.479.710
Fært út vegna sölu	0	(967.796)	0	(967.796)
Afskrift ársins	1.136.958	142.057	2.876.352	4.155.367
	<u>13.356.545</u>	<u>142.057</u>	<u>17.168.679</u>	<u>30.667.281</u>
Bókfært verð 31.12.	187.942.114	11.222.487	7.165.141	206.329.742
Afskriftarhlutföll	2%	15%	20%	
Áætlaður nýtingartími	50 ár	7 ár	5-10 ár	

Skýringar frh:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh:

Fasteignir sundurliðun:	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Bórunnartún 6, Reykjavík	8.953.538	50.450.000	62.150.000
Saurar, jörð og ræktað land	178.884	1.004.000	
Saurar, vélageymsla og votheysturn	182.572	268.000	3.830.000
Saurar, Miðfjarðará - veiðihlunnindi	2.757.000	6.340.000	
Saurar, einbýli	816.504	7.090.000	28.600.000
Brynjudalur	6.396.447		
Sandey - Þingvallasveit	14.578		
Kvíar í Jökulfjörðum	57.474		
Úlfljótuvatn í Grímsnes- og Grafningshreppi	168.585.117		
	<u>187.942.114</u>	<u>65.152.000</u>	<u>94.580.000</u>

Skógræktarfélag Íslands hefur gert samning við Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu um umsjón, ræktun og rekstur á jörð sinni að Saurum í Miðfirði. Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu fer með atkvæði Saura í Veiðifélagi Miðfjarðará og fer með ráðstöfun á arði af Miðfjarðará svo og öðrum tekjum sem til jarðarinnar kunna að renna. Á móti kemur að Skógræktarfélag Vestur - Húnavatnssýslu stendur skil á sköttum og skyldum af jörðinni og fasteignum á henni.

Skógræktarfélag Íslands hefur gert leigusamning við Landbúnaðarráðuneytið um að félagið leigi hluta úr jörðinni Kárastöðum í Þingvallarhreppi til ársins 2065, án endurgjalds, nánar tiltekið svæði undir Vinaskóg. Að samningstíma liðnum hefur Skógræktarfélag Íslands forleigurétt að landssvæðinu.

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga

Óráðstafað eigið fé	2021	2020
Eigið fé 1.1.	175.345.822	173.747.384
Afkoma ársins	<u>2.667.460</u>	<u>1.598.438</u>
Eigið fé 31.12.	<u>178.013.282</u>	<u>175.345.822</u>

11. Landgræðsluskógar

	2021	2020
Styrkur frá ríkissjóði	45.000.000	40.500.000
Umsjón Skógræktarfélags Íslands vegna Landgræðsluskóga	5.000.000	4.500.000
Launakostnaður Skógræktarfélags Íslands	(5.655.441)	(4.000.000)
Plöntukaup	(24.904.709)	(24.866.744)
Annar kostnaður	(686.174)	(1.503.100)
Úttekt og grisjun	<u>(18.753.676)</u>	<u>(14.630.156)</u>
Ónýttur styrkur 31.12.	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar frh:

12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru tilkomnar vegna kaupa félagsins á Úlfjótavatni í Grímsnes-og Grafningshreppi af Orkuveitu Reykjavíkur. Gefið var út skuldabréf til 25 ára sem ber 5% vexti og er óverðtryggt. Skuldabréfið ber vexti frá 1. janúar 2012 og gjalddagi fyrstu afborgunar var 1. janúar 2013. Á árinu 2015 fékk Skógræktarfélag Íslands framlag frá bundnum sjóðum til niðurgreiðslu á langtímaskuldum félagsins. Framlag nam 35 m.kr. sem var nýtt til innborgunar á höfuðstól samtals að fjárhæð 31.6 m.kr. og til greiðslu áfallinna vaxta samtals að fjárhæð 3.3 m.kr. Afborgun ársins 2020 nam 4,0 m.kr. bókfærðir áfallnir vextir í árslok 2020 námu 0 m.kr.

Yfirlit um langtímaskuldir:	2021	2020
Óverðtryggt lán frá Landgræðslusjóði 1.1.2020	29.531.797	33.531.797
Afborgun ársins	(1.000.000)	(4.000.000)
Langtímaskuldir 31.12.	<u>28.531.797</u>	<u>29.531.797</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborgun	1.783.237	1.273.044
Árið 2023	1.783.237	1.273.044
Árið 2024	1.783.237	1.273.044
Árið 2025	1.783.237	1.273.044
Síðar	<u>21.398.849</u>	<u>24.439.622</u>
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>28.531.797</u>	<u>29.531.797</u>

13. Lykiltölur:

	2021	2020
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir	0,92	1,53
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildareignir	0,79	0,78

Rekstrarreikningur ársins 2021

Bundnir sjóðir

	Skýr.	2021	2020
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Afkoma verðbréfasafns		5.841.692	3.423.906
Vaxtatekjur og verðbætur		2.347	7.172
Greiddur fjármagnstekjuskattur		(1.332.733)	(21.099)
Framlag til Skógræktarfélags Íslands	5	(3.702.328)	(2.204.982)
		<u>808.978</u>	<u>1.204.997</u>
Afkoma ársins		<u>808.978</u>	<u>1.204.997</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr	2021	2020
Fastafjármunir			
Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinsson	14	15.009.247	15.003.527
Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar	15	7.342.915	7.340.117
Sjóður Ármanns Jónssonar	16	5.719.279	5.717.100
Sjóður Andrésar Gunnarssonar	17	8.609.372	8.606.090
Fræðslusjóður	18	1.866.845	1.866.134
		<u>38.547.659</u>	<u>38.532.968</u>
Eignir samtals		<u>38.547.659</u>	<u>38.532.968</u>

Eigið fé og skuldir 31. desember 2021

	Skýr	2021	2020
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé 1.1.		34.036.353	32.831.356
Afkoma ársins		<u>808.978</u>	<u>1.204.997</u>
Eigið fé 31.12.		<u>34.845.330</u>	<u>34.036.353</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreitt framlag til Skógræktarfélag Íslands	5	<u>3.702.329</u>	<u>4.496.615</u>
		<u>3.702.329</u>	<u>4.496.615</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>38.547.659</u>	<u>38.532.968</u>

Skýringar frh:

Bundnir sjóðir

14. Sjóður Ólafíu G. Jónsdóttur og Guðmundar Þorsteinssonar:

	2021	2020
Staða 1.1.	15.003.527	13.675.788
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	5.720	1.327.739
Staða 31.12.	<u>15.009.247</u>	<u>15.003.527</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2021 hefur verið reiknuð og er hún kr. 2.164.197.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2021 er því kr. 1.514.938.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2021.

Í desember árið 2011 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í fasteignum og landi við Úlfhljótsvatn í Grímsnes-og Grafningshreppi fyrir 150 millj. kr. Vegna fjárfestingarinnar voru teknar 87,5 millj. kr. út úr sjóðnum til að fjármagna kaupin. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 111,1 millj. kr. í árslok 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>15.009.247</u>	<u>15.003.527</u>
---------------------	-------------------	-------------------

15. Sjóður Aðalsteins Kristjánssonar:

Yfirlit um sjóð Aðalsteins Kristjánssonar:	2021	2020
Staða 1.1.	7.340.117	6.690.552
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	2.798	649.564
Staða 31.12.	<u>7.342.915</u>	<u>7.340.117</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2021 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.058.782.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2021 er því kr 741.147.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2021.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	<u>7.342.915</u>	<u>7.340.117</u>
---------------------	------------------	------------------

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar:	2021	2020
Staða 1.1.	5.717.100	5.211.164
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	2.180	505.935
Staða 31.12.	<u>5.719.279</u>	<u>5.717.100</u>

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2021 hefur verið reiknuð og er hún kr. 824.668.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2021 er því kr. 577.268.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2021.

Skýringar frh:

16. Sjóður Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Yfirlit um sjóð Ármanns G. Jónssonar, frh.:

Í febrúar árið 2005 fjárfesti Skógræktarfélag Íslands í húseign að Skúlatúni 6 í Rvk., fyrir 11,5 millj. kr. og voru kaupin fjármögnuð að mestu með úttekt úr sjóðnum. Miðað við vísitölu er verðmæti framlags sjóðsins framreiknað 23,5 millj. kr. í árslok 2020.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	5.719.279	5.717.100
---------------------	-----------	-----------

17. Sjóður Andrésar Gunnarssonar:

Yfirlit um sjóð Andrésar Gunnarssonar:

2021

2020

Staða 1.1.	8.606.090	7.844.494
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	3.281	761.597
Staða 31.12.	8.609.372	8.606.090

Samkvæmt reglum sjóðsins er Skógræktarfélag Íslands heimilt að verja 70% af raunávöxtun hans til eflingar skógræktar á Íslandi. Raunávöxtun ársins 2021 hefur verið reiknuð og er hún kr. 1.241.393.- Til ráðstöfunar vegna ársins 2021 er því kr. 868.975.- Við útreikning raunávöxtunar er miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs á árinu 2021.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	8.609.372	8.606.090
---------------------	-----------	-----------

18. Fræðslusjóður:

Yfirlit um Fræðslusjóð:

2021

2020

Staða 1.1.	1.866.134	1.700.990
Hækkun/(lækkun) verðbréfasafns	711	165.144
Staða 31.12.	1.866.845	1.866.134

Fræðslusjóður var stofnaður 25. ágúst 2000 með loforði um fjárframlög frá Skógræktarfélagi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins er heimilt að verja 70% af raunávöxtun sjóðsins til að styrkja unga námsmenn til framhaldsmenntunar í skógfræðum auk þess að veita einstaklingum styrki til skógræktarrannsókna.

Eignir sjóðsins greinast þannig:

Verðbréfasafn	1.866.845	1.866.134
---------------------	-----------	-----------



Laugardagur 3. september

08:30 – 09:45 Nefndastörf – Hlégarður

10:00 Fræðsluerindi

10:00-10:25	Þórsmörk í máli og myndum	<i>Hreinn Óskarsson</i>
10:30-10:55	Kolefni í drullunni	<i>Bjarni Diðrik Sigurðsson</i>
11:00-11:10	Hugvekja	<i>Benedikt Erlingsson</i>
11:15-11:35	Skrautfjaðrir í skóginum	<i>Samson B. Harðarson</i>
11:40-12:00	Nýjir skaðvaldar á birki	<i>Brynja Hrafnkelsdóttir</i>
12:05-12:15	Gróðureldar	<i>Dóra Hjálmarsdóttir/Björn Traustason</i>

Ferð dagsins kynnt - *Björn Traustason*

12:20 Hádegisverður

13:00 Skoðunarferð á Þingvöll með viðkomu í Vinaskógi þar sem forsetahjónin Guðni og Eliza gróðursetja tré.

17:15 Komið úr skoðunarferð

19:30 Hátíðarkvöldverður í Hlégarði í Mosfellsbæ
Fordrykkur og hátíðarkvöldverður
Hátíðardagskrá í boði Skógræktarfélags Mosfellsbæjar
Heiðranir og fleira

Sunnudagur 4. september

10:00 Yfirferð kjörbréfanefndar
10:05 Afgreiðsla reikninga
10:15 Afgreiðsla tillagna
11:00 Almennar umræður
11:30 Kosning stjórnar
12:00 Fundarlök



Skógræktarfélag Íslands
Pórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551-8150
Netfang: skog@skog.is
Veffang: www.skog.is